


Tónleikar Selkórsins og Sinfóníuhljómsveitar áhugamanna í Seltjarnarneskirkju

sunnudaginn 12. maí 2013 kl.17:00



Stjórnandi:
Oliver Kentish

Einsöngvarar:
Hlín Pétursdóttir Behrens, sópran, Sesselja Kristjánsdóttir, alt,
Egill Árni Pálsson, tenór, Ágúst Ólafsson, baritón

Aðgangseyrir er kr. 3000, afsláttarverð í forsölu kr. 2500

Efnisskrá:

Finnur Karlsson: Óravél (frumflutningur)

Joseph Haydn: Missa in Tempore Belli (Stríðsmessan)

Kyrie: Largo – Allegro moderato

Gloria: Vivace – Adagio - Allegro

Credo: Allegro – Adagio – Allegro – Vivace

Sanctus: Adagio

Benedictus: Andante

Agnus Dei: Adagio – Allegro con spirito

TEXTI MESSUNNAR:

Kyrie *Miskunnarbæn*

Kyrie eleison. Christe eleison. Kyrie eleison

Gloria *Dýrðarsöngur*

Gloria in excelsis Deo et in terra pax hominibus bonae voluntatis.

Laudamus te. Benedicimus te. Adoramus te. Glorificamus te.

Gratias agimus tibi propter magnam gloriam tuam. Domine Deus, Rex coelestis, Deus Pater omnipotens. Domine Fili unigenite, Jesu Christe, Domine Deus, Agnus Dei, Filius Patris.

Qui tollis peccata mundi, miserere nobis.

Suscipe deprecationem nostram.

Qui sedes ad dexteram Patris.

Miserere nobis.

Quoniam tu solus sanctus, tu solus Dominus, tu solus altissimus Jesu Christe. Cum sancto Spiritu in gloria Dei Patris. Amen.

Credo *Trúarjátning*

Credo in unum Deum, Patrem omnipotentem, factorem coeli et terrae, visibilium omnium, et invisibilium. Et in unum Dominum Jesum Christum, Filium Dei unigenitum. Et ex Patre natum ante omnia saecula. Deum de Deo, lumen de lumine, Deum verum de Deo vero, genitum, non factum, consubstantialem Patri: per quem omnia facta sunt. Qui propter nos homines et propter nostram salutem descendit de coelis.

Et incarnatus est de Spiritu Sancto ex Maria Virgine, et homo factus est. Crucifixus etiam pro nobis sub Pontio Pilato; passus et sepultus est.

Et resurrexit tertia die, secundum Scripturas, et ascendit in coelum, sedet ad dexteram Patris. Et iterum venturus est cum gloria, iudicare vivos et mortuos, cuius regni non erit finis. Et in Spiritum Sanctum, Dominum et vivificantem. Qui locutus est per Prophetas. Et unam, sanctam, catholicam et apostolicam Ecclesiam, confiteor unum baptisma in remissionem peccatorum, et expecto resurrectionem mortuorum.

Et vitam venturi saeculi. Amen.

Sanctus *Heilagur*

Sanctus, sanctus, sanctus, Dominus Deus Sabaoth.

Pleni sunt coeli et terra, gloria tua. Hosanna in excelsis.

Benedictus

Benedictus qui venit, in nomine Domini. Hosanna in excelsis.

Agnus dei *Lamb guðs*

Agnus Dei qui tollis peccata mundi, miserere nobis, dona nobis pacem.

HÖFUNDAR, TÓNVERK OG FLYTJENDUR:



Finnur Karlsson útskrifaðist með BA-gráðu í tónsmíðum frá Listaháskóla Íslands á síðasta ári en aðalkennarar hans voru Úlfar Ingi Haraldsson og Atli Ingólfsson. Hann hlaut fyrsta hluta tónlistaruppeldis síns í Skólahljómsveit Kópavogs þar sem hann lærði á barítónhorn. Eftir útskrift þaðan hóf hann nám við Tónlistarskóla Sigursveins D. Kristinssonar þaðan sem hann lauk framhaldsprófi 2009 en sama ár hóf hann tónsmíðanám við Listaháskólann. Finnur hefur oftannis komið fram með ýmsum hljóðfærahópum og kórum. Hann er meðlimur í hljómsveitunum Orphic Oxta og Mikado og syngur jafnframt reglulega með Kór Frikirkjunnar í Reykjavík og Hljómeyki. Verk eftir Finn hafa verið valin til flutnings á ýmsum tónlistarhátíðum auk þess sem hann skrifaði tónlistina fyrir uppfærslu Útvarpsleikhúss Ríkisútvarpsins á leikritinu Undanþágunefndin eftir Gunnar Gunnarsson. Finnur er nú búsettur í Kaupmannahöfn en mun hefja frekara tónsmíðanám við Konunglega danska konservatoríið næsta haust.

Tónverkið Óravél var samið að beiðni Sinfóníuhljómsveitar áhugamanna og er frumflutt hér. Heiti verksins er nokkuð margrætt, leikur að orðum, óra-vél, eða jafnvel Ó – Ravel. Glöggir tónlistarmenn hafa þóst heyra í verkinu áhrif frá strengjakvartett Ravels. Og hvers konar vél er óravél? Hugurinn fer að reika.


Eitt af stefnumálum Sinfóníuhljómsveitar áhugamanna hefur frá upphafi verið að stuðla að flutningi og sköpun nýrrar tónlistar. Hljómsveitin hefur frumflutt allmörg tónverk á ferli sínum og hefur notið þess að hafa virk tónskáld innan sinna vébanda. Það er með nokkru stolti að við bendum á að verk Finns er þriðja verkið sem sveitin frumflytur á þessu starfsári. Á síðustu tvennum tónleikum voru frumflutt verk eftir Sigurð Sævarsson og Véronique Jacques.



Joseph Haydn (1732-1809) var trúaður maður og samdi allmörg verk af trúarlegum toga, messur og óratoríur. Á seinasta skeiði ævinnar var það hluti af skylduverkum hans í þjónustu Nicolaus II Esterházy prins að semja árlega messu til flutnings á skírnardegi eiginkonu prinsins, Maríu Hermenegild. Þannig urðu til sex stórkostlegar messur. Ekki sat hann þó með hendur í skauti milli þessara verka. Á sama tímabili samdi hann einnig stórverkið Sköpunina ásamt ýmsu öðru. Messurnar voru gjarnan fléttaðar inn í hefðbundna messugjörð og var þá köflunum skipt niður í þrennt, Kyrie og Gloria fluttar snemma, trúarjátningin (Credo) á sínum stað í messunni, og Sanctus, Benedictus og Agnus Dei síðast.

Messan, sem nú er flutt, er ýmist kennd við stríð eða pákur. Í handritinu nefndi Haydn hana Missa in tempore belli, þ.e. Messa á ófriðartímum. Það fer hins vegar mjög milli mála hvernig menn hafa túlkað þetta, ýmist sem friðarboðskap eða herkvaðningu. Tilvísanir í stríð og erfiðleika eru ekki augljósar í tónlistinni sem er frekar glaðleg og hressileg. Benda má á áberandi pákuslátt á stöku stað sem gæti minnt á fallbyssudrunur í fjarlægð. Sennilega mundi þó fáum detta stríð í hug að fyrra bragði ef ekki væri fyrir nafnið á messunni. Messan er samín á ófriðartímum, árið 1786. Ófriður var um þessar mundir óvenju mikill á meginlandi Evrópu, mest vegna tilrauna Napóleons til að sameina Evrópu. Einnig herjuðu Tyrkir á Austurríki úr austri og suðri.

Rétt er að benda á að Haydn var nokkur brautryðjandi í notkun á pákum í tónverkum sínum. Þar réð örugglega nokkru að hann lék sjálfur á pákur í æsku sinni og kunnir því vel til verka. Um þessar mundir voru pákur fyrst og fremst notaðar til að undirstrika hátíðleika í tónverkum og léku þá gjarnan með trompetum til áhersluauka. Haydn ætlaði pákunum sérstakt hlutverk og skrifaði stundum sólótakta inn í verkin. Skýrt dæmi um þetta er í Agnus Dei kaflanum. Af þeim sökum er messan stundum nefnd Pákumessan.



Hlín Pétursdóttir Behrens lauk einsöngvaraprófi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík árið 1992 undir leiðsögn Sieglinde Kahmann og stundaði framhaldsnám við óperudeild tónlistarháskólans í Hamborg. Hlín bjó um árabíl í Þýskalandi og söng fjölmörg óperuhlutverk, meðal annars í Stuttgart, Bern, Kaiserslautern, Frankfurt, Bremen, München, Karlsruhe, Nürnberg, Augsburg og Ulm. Hún hefur sungið öll helstu verk kirkjubókmenntanna. Meðal stærri tónleika eru Carmina Burana og Requiem Mozarts í tónlistarhöllinni í Hamborg, Messías í Hamborg og Strahlsund, c-moll messa Mozarts í Hamborg og Kaiserslautern, óperettugala í Fílharmoníunni í Berlín og í Óperunni í Frankfurt. Hún fluttist

heim til Íslands 2004. Hlín heldur reglulega ljóðakvöld og hefur sérstakan áhuga á nútímatónlist. Hún hefur sungið á kammertónleikum m.a. á Sumartónleikum í Skálholti, auk þess að koma fram í sjónvarpi og útvarpi. Hún kennir söng við Tónlistarskólann í Reykjavík og Tónlistarskóla Árnesinga og stjórnar Jórukórnum á Selfossi. Hlín hefur áður komið fram með Sinfóníuhljómsveit áhugamanna, söng með henni á tónleikum í Skálholtskirkju í maí 2005.



Sesselja Kristjánsdóttir stundaði nám við Tónlistarskólann í Reykjavík þar sem Rut Magnússon kenndi henni. Þaðan hélt hún í framhaldsnám til Berlinar í Hochschule für Musik „Hanns Eisler“ og lauk þar diplómprófi með hæstu ein-kunn. Kennarar hennar þar voru m.a. Anneliese Fried, Julia Varady og Wolfram Rieger. Sesselja hlaut Bayreuth-styrk þýsku Richard Wagner samtakanna sumarið 2000.

Sesselja hefur sinnt flutningi óperu-, ljóða-, óratoríu- og kammertónlistar jöfnum höndum. Hún hefur komið fram á fjölda tónleika hér heima og erlendis m.a. með Sinfóníuhljómsveit Íslands, Fílharmoníusveit Sankti Pétursborgar og Kammersveit Reykjavíkur. Meðal helstu verkefna hennar á þessu sviði eru Mozart Requiem, Magnificat, Messa í h-moll og Jólaóratoría Bachs, Messias eftir Händel, Gloría eftir Vivaldi, Messa í D eftir Dvorak og Petit Messe Solennelle Rossinis. Þá söng hún Missa Solemnis og 9. sínfóníu Beethovens með Sinfóníuhljómsveit Íslands undir stjórn Vladimir Ashkenazy. Sesselja söng inn á geislaplötuna *Svanasöngur á heidi* ásamt Jónasi Ingimundarsyni. Sesselja var fastráðin við Íslensku Óperuna 2002-2004. Síðan þá hefur hún verið þar reglulegur gestur.



Egill Árni Pálsson lærði í Söngskólanum í Reykjavík þar sem kennari hans var Ólöf Kolbrún Harðardóttir. Hann lauk einnig á sama tíma 4 ára námi frá David Jones Voice Studio í New York, þar sem hann lagði stund á raddþjálfun og kennslu í söng. Egill hefur verið búsettur í Þýskalandi síðan 2008 og stundað nám hjá einkakennurum jafnframt því að starfa við óperusöng. Hann hefur sungið í Berlín, Braunschweig, Schloss Rheinsberg, Schloss Laubach og víðar. Egill hefur unnið til margra verðlauna í stórum keppnum í Þýskalandi, þar er helst Kammeroper Schloss Rheinsberg og Oper Schloss Laubach. Í kjölfarið hafa honum boðist ýmis stórverkefni. Egill var einn af sigurvegurum í keppni Sinfóníuhljómsveitar Íslands og Listaháskólans árið 2007 auk þess sem hann hlaut styrk frá Wagner-félaginu. Egill kom fram á tónleikum Kiri Te Kanawa, sem haldnir voru í Háskólabíó árið 2005, sem sérstök viðurkenning hennar á hæfileikum hans.



Ágúst Ólafsson stundaði nám við Tónlistarskóla Hafnarfjarðar hjá Eiði Á. Gunnarssyni og síðan við Síbelíusar-akademíuna hjá Jorma Hynninen og Sauli Tiilikainen. Ágúst sótti meistaranámskeið hjá Elísabetu Schwarzkopf og um tíma reglulega einkatíma hjá henni. Ágúst hefur sungið á ljóðasöngstónleikum víða á Íslandi og erlendis, t.a.m. í Die Philharmonie í Berlín og í Wigmore Hall. Hann hefur sungið mörg hlutverk hjá Íslensku Óperunni. Hann hlaut Grímuna árið 2010 fyrir hlutverk sitt þar í *Ástardrykknum* haustið 2009. Ágúst hefur þrisvar verið tilnefndur til Íslensku tónlistarverðlaunanna og hlaut Íslensku tónlistarverðlaunin sem Flytjandi ársins ásamt Gerrit Schuil fyrir flutning sinn á ljóðaflokkum Schuberts á Listahátíð í Reykjavík 2010. Ágúst hefur áður sungið með Sinfóníuhljómsveit áhugamanna. Það var í uppfærslum á Messíasi eftir Händel með Kór Neskirkju, bæði 2009 og 2012.



Oliver Kentish fæddist árið 1954 í London þar sem hann hóf sellónám 12 ára gamall í Centre for Young Musicians. Hann stundaði framhaldsnám við Royal Academy of Music þar sem aðalkennari hans var Vivian Joseph. Auk hljóðfæraleiksins hóf hann þegar á námsárunum að semja tónlist og fást við hljómsveitarstjórn. Árið 1977 kom hann til Íslands til þess að leika með Sinfóníuhljómsveit Íslands. Sú dvöl varð lengri en til stóð. Hann kenndi í nokkur ár við Tónlistarskólann á Akureyri. Þar stjórnaði hann jafnframt frumflutningi nokkurra verka sinna. Árið 1986 réði Oliver sig til Tónlistarskóla Hafnarfjarðar þar sem hann stofnaði Kammersveit skólans 1992. Hann hefur einnig kennt við Nýja tónlistarskólann í Reykjavík. Oliver er afkastamikil tónskáld og hefur unnið til verðlauna fyrir tónsmíðar sínar. Verk hans hafa verið flutt víða og hann hefur nokkrum sinnum verið staðartónskáld á Sumartónleikum í Skálholti. Oliver hefur verið viðriðinn starf Sinfóníuhljómsveitar áhugamanna allt frá upphafi, sem hljómsveitarstjóri og hljóðfæraleikari. Hljómsveitin hefur frumflutt mörg verk hans. Hann tók við sem aðalstjórnandi og listrænn leiðtogi sveitarinnar 2005.

Selkórinn var stofnaður á Seltjarnarnesi árið 1968. Kórinn var upphaflega kvennakór, en árið 1976 gengu karlar til liðs við kórinn. Starf kórsins er fjölbreytt. Hann heldur árlega jóla- og vortónleika og kemur auk þess oft fram við önnur tækifæri. Verkefni hafa verið af ýmsum toga bæði veraldleg og kirkjuleg. Síðasta stóra verkefni kórsins var Messías eftir Händel en einnig hefur kórinn ferðast út fyrir landsteinana, m.a. til Búdapest, Rómar, Santiago de Campostela og St. Pétursborgar.

Ýmsir kórstjórar hafa stjórnað Selkórnum í gegnum árin, þar af Jón Karl Einarsson í rúm 20 ár. Síðastliðið haust tók Oliver Kentish hins vegar við tónsprotanum og stjórnar því nú bæði kórnum og Sinfóníuhljómsveit áhugamanna. Selkórinn hefur einnig síðastliðin ár notið dyggs stuðnings frá Dagnýju Björgvinsdóttur sem hefur leikið með kórnum á píanó og orgel við ýmis tækifæri og Signýju Sæmundsdóttur sem hefur séð um raddþjálfun.

Sópran

Anna Guðrún Björnsdóttir
Ása Jónsdóttir
Bryndís Hákonardóttir
Guðrún B. Vilhjálmsdóttir
Helga Svala Sigurðardóttir
Inga Erlingsdóttir
Ingibjörg Dalberg
Margrét J. Ísdal
Margrét Þormar
Ólína Thoroddsen
Sif Þorsteinsdóttir
Sigríður Friðjónsdóttir
Svanfríður Blöndal
Þórdís Sigurðardóttir
Þórunn Ólafsdóttir

Alt

Anna Karlsdóttir
Bergþóra S. Þorbjarnardóttir
Birna E. Óskarsdóttir
Elísabet Brekkan
Elísabet Dolinda Ólafsdóttir
Guðrún E. Gunnarsdóttir
Guðrún Hafsteinsdóttir
Hafrún Kristjánsdóttir
Hekla Pálsdóttir
Hróðný Garðarsdóttir
Jóna Borg Jónsdóttir
Margrét Guðnadóttir
Pálína Magnúsdóttir
Ragnheiður Sigurðardóttir
Rósa Steinsdóttir

Tenór

Björn Grímsson
Dagur Bergsson
Guðmundur Hannesson
Gunnlaugur Ragnarsson
Gylfi Árnason
Haraldur Þráinsson
Sigurður J. Grétarsson
Þorbjörn Sigurðsson

Bassi

Egill Pétursson
Guðjón R. Jóhannesson
Guðmundur Sigþórsson
Gunnar Rafn Heiðarsson
Ívar H. Pétursson
Jón Árnason
Jón Ragnar
Ludvig Guðmundsson
Magnús Pálsson
Skúli Þór Magnússon
Örn Ágúst Guðmundsson



Sinfóníuhljómsveit áhugamanna var stofnuð haustið 1990 og hefur starfað óslitið síðan. Í hljómsveitinni leika hljóðfæraleikarar sem flestir hafa atvinnu af öðru. Hún er einnig vettvangur nemenda og tónlistarkennara til að iðka tónlist. Hljómsveitina skipa að jafnaði 40-60 manns, en miklu fleiri hafa leikið með henni í lengri eða skemmri tíma. Starfið er ólaunað. Frumflutningur íslenskra verka hefur verið mikilvægur þáttur í starfi hljómsveitarinnar. Verk hafa verið samin fyrir hana, stundum að hennar frumkvæði. Fjöldi þekktra, íslenskra einleikara og einsöngvara hefur komið fram með hljómsveitinni og hún hefur átt samstarf við marga kóra. Sveitin heldur 5-7 tónleika á ári, en auk þess kemur hljómsveitin fram við ýmis tækifæri. Hljómsveitin hefur gefið út þrjá hljómdiska með leik sínum og einnig tekið þátt í gerð kvikmynda. Aðalstjórnandi og listrænn leiðtogi hin síðari ár er Oliver Kentish. Hljómsveitin lék með Selkórnum á hátíðartónleikum í Hörpu síðastliðið vor. Það varð kveikjan að frekara samstarfi sem lá enn beinna við eftir að Oliver Kentish tók einnig við stjórn kórsins.

Að þessu sinni er **Sinfóníuhljómsveit áhugamanna** þannig skipuð:

Konsertmeistari: Helga Ragnheiður Óskarsdóttir

1. fiðla

Helga R. Óskarsdóttir
Ólöf Júlía Kjartansdóttir
Sigrún Andrésdóttir
Elísabet Guðmundsdóttir
Jónína Þ. Thorarensen
Rós Pétursdóttir
Jelena Kuzminova

2. fiðla

Hildigunnur Rúnarsdóttir
Una Sólveig Jóakimsdóttir
Hólmfríður Þorvaldsdóttir
Auðbjörg Nanna Ingvarsdóttir
Halla Björg Baldursdóttir
Hekla Arnardóttir
Brynhildur Höskuldsdóttir
Margrét Lára Jónsdóttir

Vióla

Páll E. Ingvarsson
Paul-William Marti
Súsanna Friðriksdóttir

Selló

Páll Einarsson
Anna Jörunn Stefánsdóttir
Brynja Cortes Andrésdóttir
Veronique Jacques
Sverrir Teitsson

Kontrabassi

Roine Hultgren
Kjartan Guðnason

Flauta

Kristrún Helga Björnsdóttir
Karen Erla Karólínudóttir

Óbó

Sverrir Guðmundsson
Guðrún Másdóttir

Klarinett

Barclay Anderson
Jófríður Ákadóttir

Fagott

Þórður Magnús Tryggvason
Sigríður Kristjánsdóttir

Horn

Brynjar Björnsson
Torfi Þór Gunnarsson

Trompet

Steinar Matthías Kristinsson
Jón Hafsteinn Guðmundsson

Pákur

Egbert Pálsson

Slagverk

Kjartan Guðnason

Orgel

Dagný Björgvinsdóttir

Hljómsveitin þakkar Seltjarnarneskirkju ómetanlegan stuðning. Hljómsveitin nýtur styrks Menningar- og ferðamálaráðs Reykjavíkur 2013.



Reykjavíkurborg

Eftirfarandi aðilar styrktu tónleikahaldið:

Seltjarnarnesbær, www.seltjarnarnes.is

Tónlistarskóli Seltjarnarness tonlistarskoli.seltjarnarnes.is

ASK arkitektar, Geirsgötu 9, 101 R. www.ask.is

BÚR ehf, Bæjarflöt 2, 112 R. www.bur.is

Háskólaútgáfan, Dunhaga 18, 107 R. haskolautgafan.hi.is

Hreyfing, heilsulind, Álfheimum 74, 104 R. www.hreyfing.is

Íslensk fjárfesting ehf, Laugavegi 182, 105 R. www.ip.is

Silfurhús ehf, Askalind 6, 201 K. www.silfurhus.is



Íslensk
fjárfesting ehf.